



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

629. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. nóvember 2024 kl 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson, Eva Björk Sveinsdóttir, Stefán Guðjónsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins: Unnar Stefán Sigurðsson f.h. þorablótsnefndar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá foreldri stúlku í 4. flokki í knattspyrnu vegna óhapps í Nettóhöllinni.

Tölvupóstur frá ÍRB vegna formannafundar mánudaginn 11. nóvember.

Tölvupóstur frá íþrótt- og tómstundafulltrúa Suðurnesjabæjar vegna íþróttamanns Suðurnesjabæjar 2024.

Tölvupóstur frá FS, óskir um áframhaldandi tíma í litla Sporthúsinu (þreksalnum).

Tölvupóstur frá fimleikadeildinni. Boð á jólasýninguna sem verður 7. desember.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar vegna jólablaðs Keflavíkur.

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna fimleika-, körfu- og knattspyrnudeildar.

4 Önnur mál

A. Þorablót Keflavíkur

Unnar Sigurðsson kom fyrir hönd þorablótsnefndar og fór yfir verkefni þorablótsnefndar. Uppselt er á þorablótið í ár og er biðlisti. Nefndin óskaði eftir stórum fána til að setja á vegg fyrir aftan sviðið. Aðalstjórn ætlar að kaupa fána. Umræða um að kaupa borð og stóla til að eiga fyrir viðburði í bæjarfélaginu. Framkvæmdarstjóra falið að kanna verð og geymslu á búnaði.

B. Jólahlaðborð

Ákveðið að fara á jólahlaðborð 5. desember.

C. Félagsheimili Keflavíkur

Búið að framkvæma allt sem til stóð er varðar félagsheimilið að sinni. Búið að klæða plötur á milli skjánna í anddyrinu, hengja upp snaga og fl. í litla Sporthúsinu og stækka 3 geymslur á ganginum hjá skrifstofunum.

D. Jólblað Keflavíkur

Jólblaðið er komið á fullt skrið. Eypór og Þorsteinn eru byrjaðir að taka viðtöl. Salan á auglýsingum í blaðið gengur vel. Stefnt er á að blaðið fari í prentun í byrjun desember.

E. Ljósmyndari Keflavíkur

Jóhann kom með lista yfir það sem þarf til að getað tekið myndir fyrir félagið. Spurning hvort hægt sé að sækja um styrki vegna skrásetningar á sögu félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að kanna með það ásamt því að skoða samning við Jóhann.

F. Fimleikadeild Keflavíkur

Eins og áður hefur komið fram er fimleikadeildin í vanda vegna aðstöðuleysis fyrir hópfimleikana. Framkvæmdastjóri ásamt starfsmönnum hjá RNB eru að leita að hentugu húsnæði. Vonandi skýrist það á næstu vikum hvort eitthvað hús geti hýst hópfimleikana.

G. Fimleikadeild Keflavíkur - meistaraflokkur

Fimleikadeildin er búin að stofna á ný meistaraflokk fimleikaeildar. Stjórn deildarinnar óskar eftir aðstoð við gerð samninga við þær stelpur sem verða í meistaraflokknum.

Framkvæmdastjóra ásamt fjármálastjóra falið að aðstoða fimleikaeildina við gerð samninga.

H. Lán deilda

Gjaldkeri fór yfir stöðu deilda gagnvart aðalstjórn. Fjármálastjóra falið að skoða gamlar skuldir deildanna við aðalstjórn.

Fundi lokið kl. 18:40.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. nóvember kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir